



Félag háskólakennara

11. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2021/2022, haldinn mánudaginn 6.apríl 2022

Fundinn sátu: Baldvin Zarióh, Jens Guðmundur Hjörleifsson, Berglind Eva Benediktsdóttir, Íris Davíðsdóttir, Guðmundur Ingi Guðmundsso, Ármann Höskuldsson, Berglind Eva Benediktsdóttir og Sævar Ingbórsson. Pontus Eik Gunnar Jarvstad boðuði förföll. Helga Birna Ingimundardóttir, ritaði fundargerð.

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 2. mars 2022.
2. Aðalfundur maí 2022.
3. Stjórnargreiðslur 2022.
4. Vinnudagur stjórnar vegna kjaramála.
5. Samráðsnefndarfundur 4. mars sl.
6. Skipun siðanefndar sbr. tp. 7. mars
7. Veikindaréttur doktorsnema sbr. tp. 7. mars bz.
8. Skoðanakönnun Félags háskólakennara.
9. Fréttir af fyrirkomulagi greiðslna vegna kennslu BEB.
10. Fréttir af BHM, ÍD.
11. Fulltrúi félagsins á háskólaþingi sbr. tp. 15. mars 2022.
12. Heimasíða Félags háskólakennara.
13. Samingatækni námskeið ríkissáttasemjara.

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 2. mars 2022

Fundargerðin var samþykkt.

2. Aðalfundur félagsins 2022

Ákveðið var að aðalfundur félagsins verði haldinn 24. maí næstkomandi, frá kl. 15 – 17. Framkvæmdastjóra falið að finna húsnæði fyrir fundinn.

3. Stjórnargreiðslur

Fyrir fundinn lágu uppfærðar tölur vegna þóknanagreiðslna vegna vísitölu í janúar 2022, skv. samþykktum reglum. Málið rætt og samþykkt.

4. Vinnufundur stjórnar vegna kjaramála

Ákveðið var að stjórn hefði sérstakan vinnufund í maí til undirbúnings kjaraviðræðna 2023. Framkvæmdastjóra falið að finna hentugan tíma og fundarstað.

5. Samráðsnefnd um kjaramál, fundur 4. mars sl.

Meðal annars var rætt um eftirfarandi:

- Veikindarétt doktorsnema, sjá skjal meðfylgjandi í fundagögnum.
- Úttekt á skráningu veikinda starfsmanna vegna covid. Vinnan er enn í gagni og er væntanlegt.
- Staða á úttekt á Starfsmatskerfinu SKREF. Vinna í gangi.
- Tölur um stundakennslu. Á fundinum var farið yfir ýmis gögn sem á eftir að ræða í fjármálanefnd HÍ.
- Félagsmenn FÍN og vinnumatssjóður. Dæmi eru um að félagsmenn FÍN með starfsheitin „sérfræðingur“ hafi fengið greitt úr vinnumatssjóði Fh. Málið skoðað og verður lagfært.

- Fh spurði um samspil veikindaréttar og sumarfría akademískra starfsmanna. Málið var rætt og niðurstaðan er sú að ávallt er miðað við 12 mánuði í útreikningum á hlutfalli réttinda til veikinda akademískra starfsmanna.
- Fyrirspurn félagsins um kostnað vegna síma fyrir starfsmenn HÍ. Fram hefur komið að HÍ væri í útboðsferli vegna þessa máls. Ekki er komin niðurstaða í málið.
- Þá var rætt um komandi kjarasamninga og leiðir til þess að hækka lágstu laun.

6. Skipun fulltrúa félagsins í Siðanefnd HÍ

Félagið hefur skipað sinn fulltrúa í nefndina og tilkynnt með formlegum hætti.

7. Veikindaréttur doktorsnema

Meðfylgjandi í fundargögnum er vinnuskjal HÍ vegna málsins.

8. Skoðanakönnun Félags háskólakennara

Rætt um og ákveðið vinna betur úr henni og hafa hana til skoðunar og úrvinnslu á vinnudegi stjórnar.

9. Nefnd um fyrirkomulag greiðslna vegna kennslumála

Nefndin lagði fram skýrslu í janúar síðastliðinn. Rektor hefur óskað eftir áframhaldandi starfi í nefndinni og mun vinna vegna þess fara stað á næstu dögum.

10. Féttir af BHM

Íris sagði frá fyrirliggjandi tillögum að lagabreytingum sem leggja á fyrir aðalfund bandalagsins í maí næstkomandi. Einnig frá starfi í umbótanefnd BHM og starfslokum framkvæmdastjóra bandalagsins.

11. Fulltrúar félagsins á Háskólaþingi 2022 – 2023

Ákveðið var að Jens Guðmudur Höskuldsson verði fulltrúi félagsins á Háskólaþingi næsta starfsár og Guðmundur Ingi Guðmundsson til vara. Framkvæmdastjóra falið að tilkynna það með formlegum hætti.

12. Heimasíða félagsins

Rætt var um heimasíðu félagsins og hvort ekki væri þörf á því að gera uppfærslu á henni. Sérstaklega þann hluti sem snýr að Starfsþróunarsjóði Félags háskólakennara. Framkvæmdastjóra falið að kanna málið.

Önnur mál:

- Þeir fulltrúar í stjórn sem sóttu námsstefnu ríkissáttasemjara í mars sl. lýstu ánægju sinni með námsstefnuna, skipulag og efnistöð.
- Baldvin sagði frá könnun á launamun HÍ annars vegar og HR hins vegar.
- Íris vakti athygli á vanköntum við kaup á matarmiðum og samspils þeirra og fæðisfé. Málið rætt og ákveðið að taka um á næsta samráðsefndarfundi um kjaramál.

Fleira ekki gert.

Fundi lauk kl. 13:15.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn 4. maí 2022.